

AUGLÝSING

um deiliskipulag IV. áfanga Helgafellshverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 26. september 2007 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fjórða áfanga íbúðarhverfis í Helgafellslandi. Deiliskipulagið fjallar um 11,8 ha svæði syðst og austast í fyrirhuguðu Helgafellshverfi og er í því gert ráð fyrir 113 íbúðum á 72 lóðum, aðallega í sérbýli. Innan deiliskipulagsins meðfram Skammadalslæk, sem afmarkar skipulagssvæðið til suðurs, er opið svæði sem er undir hverfisvernd skv. aðalskipulagi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 19. nóvember 2007,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007